

Til: Jóhannesar Kr. Kristjánssonar, ritstjóra Kompáss
Efni: **Viðbrögð biskups Íslands við Kompáspætti 18. febrúar síðastliðinn.**

Ég hef nú farið ítarlega yfir makalaust lettersbréf frá biskupnum, Karli Sigurbjörnssyni, sem signerað er af honum og innsiglað með signeti embættisins, „Sigillum Episcopi Islandiae“.

Fer biskup mikinn og úthrópar umfjöllunina í Kompási sem undirritaður ber ábyrgð á. Sakar hann mig um að vera óheiðarlegan, hlutdrægan, ómálefnalegan, gagnrýnislausan, fáfróðan, hafa uppi gróflega meiðandi orðalag og fara leið sleggjudóma og slagorðaglamurs – svo eitthvað sé nefnt. Fúkyrðin eru ekki studd neinu nema útúrsnúningum, röklegum sparðatíningi, ofurviðkvæmni og ómálefnalegu rausi.

Á ferlinum hef ég sjaldan fengið slíka gusu yfir mig nema helst frá illa upplýstum og vanstilltum æsingamönnum. Flestir hafa haft slæman málstað að verja. Oftast hef ég látið fúkyrðunum ósvarað með von um að það brái af mönnum og þeir nái áttum. Illa áttaðir menn þurfa sannarlega kompás.

En þar sem þetta bréf er frá æðsta manni Þjóðkirkjunnar er nauðsynlegt að bregðast við og hef ég farið yfir ákæruliði frá þessum háa, geistlega leiðtoga í meðfylgjandi greinargerð. Í stuttu máli stendur ekki steinn yfir steini í gagnrýninni. Fjölmiðlar eru sannarlega ekki hafnir yfir gagnrýni og hef ég reynt að hafa það að leiðarljósi að bregðast við henni með opnum hug. En gagnrýni þarf að vera málefnaleg til að maður taki hana alvarlega. Gagnrýni biskups er ekki málefnaleg. Hana ber ekki að taka alvarlega.

Ég sé að biskup býðst þó til þess að standa fyrir kynningu á Þjóðkirkjunni fyrir fréttafólk og annað starfsfólk 365 miðla. Á móti teldi ég rétt að bjóða biskupi og öðrum starfsmönnum Biskupsstofu til kynningar á starfsemi fréttamiðla og hvaða hlutverki þeir gegna í opinni, lýðræðislegri umræðu í landinu. Miðað við efni biskupsbréfsins virðist sannarlega ekki vanþörf á.

Að lokum tel ég nauðsynlegt að ritstjórn Kompáss birti opinberlega athugasemdir biskups og andsvar mitt t.d. á vefsíðu þáttarins enda í anda þeirrar opnu umræðu sem fjölmiðlar standa fyrir. Auk þess er í tilskrifunum fjallað um hlut fleiri manna en biskups í þættinum og skrifin því a.m.k. þeim viðkomandi.

Virðingarfyllst,

Kristinn Hrafnsson
fréttamaður Stöð 2

Umfjöllun um athugasemdir biskups og svör:

- 1) a) Gagnrýnd eru kynningarorð Sigmundar Ernís Rúnarssonar þar sem segir að í þættinum sé „...tekinn púlsinn á trúarlífi Íslendinga“ eins þessi orð: „*Ríkiskirkjan er harðlega gagnrýnd fyrir að vera málsvari misréttis, mannréttindabrota og jafnvel ókristilegra sjónarmiða.*“ Segir biskup um þetta: „*Í fyrsta lagi fjallar þátturinn alls ekki um trúarlíf Íslendinga, og þar er enginn púls tekinn. En í þessum orðum er einnig strax tekið undir málflutning sem einn maður hefur aðallega staðið fyrir og hans orð notuð.*“

Þetta er rangt. Það er ekki tekið undir neitt, eingöngu greint frá staðreyndum – þeirri gagnrýni sem beinist að Þjóðkirkjunni. Orðin „misrétti“, „mannréttindabrot“ og „ó kristileg sjónarmið“ má heimfæra a.m.k. upp á eftirtalda viðmælendur; Reyni Harðarson, Hjört Magna Jóhannesson og Himar Örn Hilmarsson. Ekki einn mann. Athugaemdin um að ekki sé fjallað um trúarlíf er útúrsnúningur. Það er undarlegt að telja að skipan þjóðarinnar í trúfélög hafi ekkert með trúarlíf að gera.

b) Ámælisvert þykir biskupi að nota hugtakið **ríkiskirkja** sem hann telur alls ekki eiga við um Þjóðkirkjuna. Skýrir hann hvernig orðið sé notað í „*faglegri umræðu*“ og segir Þjóðkirkjuna alls ekki vera ríkiskirkju. Biskup segir: „*Þjóðkirkjan er trúfélag sem skilgreint er sem þjóðkirkja en er ekki ríkisstofnun, og orðanotkun prests Fríkirkjunnar í Reykjavík, sem mjög er tekið undir í þættinum, er áróðursorð.*“

Í fyrsta lagi jaðrar það við fáránlega hártogun að vísa til faglegrar orðanotkunar þegar um er að ræða umfjöllun blaðamanns um fyrirbærið Þjóðkirkjuna. Það eru rík tengsl á milli ríkis og Þjóðkirkju og óþarft að benda biskupi á þau. Almennungur þekkir þau tengsl og skal fullýrt að fólki sé tæpast tamt að lesa „*áróðurskennda*“ neikvæðni út úr þessari orðanotkun. Hvað varðar vísan í að mjög sé „*tekið undir*“ orðanotkun Fríkirkjuprests skal komið að síðar. Varðandi „*áróðursorðið*“ **ríkiskirkja** má til gamans benda á eftirfarandi tilvitnanir:

„*Ber að túlka andúðina sem lið í baráttu gegn því, að hér sé ríkiskirkja eins og þjóðkirkjan er gjarnan nefnd núna?*“

Björn Bjarnason, núverandi kirkjumálaráðherra, ver á bloggsíðu kristnitökuhátiðina á Þingvöllum:

„*Því langar mig til þess að geta þess að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kemur ekki í veg fyrir ríkiskirkju í sjálfu sér.*“

Sólveig Pétursdóttir, fyrrverandi kirkjumálaráðherra, í þingræðu að verja stöðu Þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá.

Ætlar biskup að halda því fram í alvöru að tveir kirkjumálaráðherrar hafi verið að nota orðið ríkiskirkja í neikvæðu áróðursskyni?

- 2) Biskup beinir spjótum sínum næst að þessari orðanotkun undirritaðs: „*Það fjarar undan Þjóðkirkjunni.*“ En þar er vísað til þeirra tölulegu staðreynda að hlutfall Þjóðkirkjumeðlima af landsmönnum hefur fallið úr 92,61% árið 1990 í 82,09% á liðnu ári. Segir biskup, „*Af máli hans er hvorki hægt að skilja að í raun fjölgar í Þjóðkirkjunni tölulega né heldur að stórar breytingar milli ára eru vegna þess að hingað hefur komið erlent vinnuafl til starfa m.a. við Kárahnjúkavirkjun og sést þetta glögg ef samanburðartölur úr prestaköllum á Austurlandi eru skoðaðar.*“

Ekki taldi ég þörf á því í þættinum að benda þjóðinni eða Þjóðkirkjubiskupi á þá alþekktu staðreynd að Íslendingum fjölgar ár frá ári. Því er fullkomlega eðlilegt að fjalla um hlutföll í þessu samhengi. Til upplýsingar skal þess getið að það fjölgaði í Þjóðkirkjunni um **15.275** eða um **6,4%** frá árinu 1990 til 2006. Á sama tíma fjölgaði landsmönnum um **51.406** eða um **20%**. Ef Þjóðkirkjan hefði haldið óbreyttri hlutdeild hefði fjölgað þar um ríflega **45.000** manns ekki **15.000**. Þetta eru tíðindi – fréttir.

Gengið er út frá því sem vísu að þjóðarfylgið sé grundvöllur Þjóðkirkjunnar.

Sjálfur segir biskup: „*Þjóðkirkjan er kirkja fólksins, kirkja þjóðarinnar, í þágu þjóðarinnar, tilvera hennar er fólksins vegna.*“

Þegar ört stækkandi hluti þjóðarinnar er ekki hluti Þjóðkirkjunnar er eðlilegt að álykta að það „fjari undan“.

Það kom skýrt fram í Kompásþættinum að hluti skýringarinnar á þessari undanfjörun verður rakinn til innflytjenda m.a. þegar rætt var um mikla fjölgun kaþólskra.

Vísan biskups í Kárahnjúkavirkjun er kostuleg. Þjóðhagsleg áhrif

Kárahnjúkavirkjunar hafa að sönnu verið umdeild í umfangi en það teljast stórtíðindi ef biskup heldur því fram að skýra megi „tap“ Þjóðkirkju upp á þrjátíu þúsund sálir með vísan til framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Samkvæmt upplýsingum á vef Landsvirkjunar hafa erlendir starfsmenn við Kárahnjúkavirkjun verið um þúsund.

Að lokum má vitna í orð biskups í þættinum sjálfum þar sem hann segir; „...*við erum svo sem ekkert í hausatalningum*“. Fróðlegt að sjá að hann hefur skipt um skoðun og er byrjaður að telja.

- 3) Fjallar biskup nú um orð mín þess efnis að kirkja sé ásökuð um sögufölsun, mannréttindabrot, misrétti og andkristileg sjónarmið. Þessi orð séu „...*að stóru leyti aðeins studd af einum viðmælanda sem er prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík*“. Þessu hefur verið svarað í 1).
- Síðan segir biskup og vísar til Fríkirkjuprests: „*Þátturinn er reyndar allur mjög mótaður af hans orðræðu og uppsláttarorðum og engri (sic) gagnrýnum spurningum beint til hans.*“

Hlutur Fríkirkjuprests í þættinum var í engu meiri en annarra viðmælenda svo vandséð er hvernig hann og hans orðræða mótuðu þáttinn.

Í þessu samhengi er þó rétt að geta þess að orðræðan í umkvörtunum biskups ber þess merki að honum virðist afar uppsigað við Fríkirkjuprest eða hans skoðanir. Sé það rétt ætti biskup að beina gagnrýni sinni að orðum hans en elta ekki ólar við fréttamann með útúrsnúningum og röklegum smáspörðum.

- 4) „Ég var eini málsvari Þjóðkirkjunnar í þættinum,“ segir biskup og kvartar sáran yfir þessum einstæðingsskap. Hvert er biskupinn að fara með þessu? Talað var við fulltrúa fjögurra trúfélaga og hver og einn var *eini málsvari* síns trúfélags. eru þessi orð Þjóðkirkjuleiðtogans endurspeglun á jafnræðisskilningi hans? Þessi gagnrýni dæmir sig sjálf.
- 5) Í fimmta lið í kvörtunarbréfi biskups segir: „Í upphafi innslagsins kemur eftirfarandi setning um Þjóðkirkjuna: „... (sem) státar sig af því að vera fulltrúi hins eina siðar sem samþykkt var að innleiða fyrir 1000 árum“. Þetta er röng fullyrðing sem sýnir mikla fordóma gagnvart þjóðkirkjunni. Hér eru henni gerðar upp skoðanir sem kirkjudeild sem eru engan veginn studdar í viðtali við eina fulltrúa þjóðkirkjunnar í þættinum. Allar kristnar kirkjudeildir á Íslandi eru fulltrúar hins sama kristna siðar. Kirkja Jesú Krists á sér mörg birtingarform.“

Í þættinum sagði biskup sjálfur: „... (Þjóðkirkjan) hefur þúsund ára sögu á bak við sig“. Í fróðlegum bæklingi frá þjóðkirkjunni sem biskup sjálfur ritaði, með yfirskriftinni „Þjóðkirkja í þúsund ár“ segir m.a.: „Hin evangelísk-lútherska kirkja nútímans er sama kirkjan sem frá öndverðu hefur verið þjóðkirkja á Íslandi.“ Verður ekki annað lesið úr þessu en að Þjóðkirkjan eigi sér þúsund ára sögu eða allt frá því Þorgeir Ljósveitningagoði kom undan feldi. Með orðalaginu *hins eina siðar* er vísað til úrskurðar Ljósveitningagoðans um að einn siður skyldi vera í landinu.

Undirritaður er sakaður um að rugla saman þjóðkirkju sem samheiti og sérheiti. Ef Þjóðkirkjan (með stórum staf) er aðeins ein kirkjudeild innan þjóðkirkjunnar (með litlum staf), hvers vegna segist biskup þá hafa verið *eini fulltrúi þjóðkirkjunnar* (með litlum staf) í þættinum? (sbr. 5) að ofan). Sjálfur segir biskup að vísu fyrir í bréfi sínu að hann hafi verið eini málsvari Þjóðkirkjunnar (með stórum staf – sjá 4) að ofan).

En ef allar kristnar kirkjudeildir eru hluti þjóðkirkjunnar þá var ekki talað við einungis einn fulltrúa hennar. Ásakanir um að undirritaður geri ekki greinarmun á samheiti og sérheiti í þessu sambandi verður hlálæg þegar biskup sjálfur virðist fara létt með að rugla þessu saman.

Annars virðist skilningur biskups á Þjóðkirkju og þjóðkirkju nokkuð frétt næmur í ljósi 62. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir. „**Hin evangelíska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.**“

Ef biskup telur að allar kirkjudeildir hinnar evangelísk lútersku kirkju á Íslandi séu að sönnu þjóðkirkjur hlýtur hann að vera þeirrar skoðunar að ríkisvaldinu sé skylt að styðja þær allar og vernda. Hljóta forvígismenn annara þjóðkirkna en Þjóðkirkjunnar að fagna þessum skilningi svo sem hjá Óháða söfnuðinum, Fríkirkjunni í Hafnarfirði og Fríkirkjunni í Reykjavík.

- 6) Í sjötta lið segir biskup: „Orðanotkun þegar fjallað er um kirkjudeildir lýsir fáfræði. Rétt er að benda á að orðið fríkirkja á við um fleiri en lúthersku fríkirkjurnar. Fríkirkjur á Íslandi eru fjölmargar.“
Þessi gagnrýni lýsir ótrúlegum fræðahroka og sparðatíningi. Í texta þáttarins sagði þulur: „Fríkirkjurnar eru meira en hundrað ára gamlar og til þeirra stofnað í andrúmi þjóðfrelsinhugmynda og heimastjórnarbaráttu.“ Undir textanum og á eftir var sýnd a) mynd af Fríkirkjunni í Reykjavík, b) graf yfir fjölgun í Fríkirkjunni í Reykjavík og c) komment frá prestri Fríkirkjunnar í Reykjavík. En eflaust ber að þakka biskupi uppfræðsluá hugann.
- 7) Í gagnrýni á umfjöllun um vinaleiðina í skólum vitnar biskup í þennan þulartexta minn í Kompási: „Þetta er gagnrýnt sem illa dulbúið trúboð, ef til vill andsvar ríkiskirkju á fallandi fæti.“
Segir biskup svo: „Síðari hluti þessarar setningar á sér ekki stuðning í umræðu þáttarins og hlýtur því að teljast enn eitt dæmið um hlutdrægt málfar þáttagerðarmanns. Má benda á að allsherjargoði fékk eftirfarandi spurningu frá fréttamanni: „Ertu sammála því að þetta sé birtingarform Þjóðkirkju í nauðvörn?“
Ásakanir um enn eitt dæmið um hlutdrægt málfar eru fáránlegar. Það var vitnað til gagnrýni Síðmenntar og sýnd vefsíða félagsins. Í samtölum við fulltrúa Síðmenntar kom það viðhorf fram að vinaleiðin sé birting þess að Þjóðkirkjan vilji snúa vörn í sókn með trúboði. Sami skilningur kom fram í gagnrýni Reynis Harðarsonar sálfræðings á vinaleiðina þó sá hluti viðtalsins væri ekki birtur. Vinaleiðin barst í tal í viðtali við allsherjargoða sem hafði á því skoðanir bæði sem leiðtogi trúfélags og sem foreldri barns í skóla þar sem vinaleiðin hefur verið boðin. Það er nákvæmlega ekkert athugasvert við að bera undir hann í spurnarformi hvort vinaleiðin væri andsvar Þjóðkirkjunnar við minnkandi hlutdeild. Játti hann þeirri spurningu. Vísan til þess að vinaleiðin sé gagnrýnd sem „...ef til vill andsvar ríkiskirkju á fallandi fæti,“ er því einfaldlega vísan til viðhorfa sem sannarlega eru til staðar. Það er dónaskapur að væna menn um hlutdrægt málfar með svo illa ígrunduðum rökum.

Biskup segir svo að í þættinum hafi verið „...nokkurra mínútna innslag við eina foreldrið í Garðabæ sem hefur hamast gegn Vinaleiðinni, en ekki tekið viðtal við þau sem standa að vinaleiðinni fyrir hönd kirkjunnar í Garðabæ...“

Umfjöllun um vinaleiðina í þættinum tók nákvæmlega fjórar mínútur og tuttugu og sjö sekúndur. Fjórðung tímans talaði biskup, - annað var þulartexti og viðtöl við Reyni Harðarson og Hilmar Örn Hilmarsson. Að kalla þetta nokkurra mínútna

innslag við Reyni er fáránlegt enda að því gætt að þarna kölluðust á sjónarmið með og á móti.

Á engan hátt var gefið í skyn að þetta væri tæmandi umfjöllun um vinaleiðina og biskupi treyst til að vera henni til varnar í þessari stuttu umfjöllun. Þetta þáttarbot um vinaleiðina var kynnt sem mögulega tímanna tákn um aukna hörku gagnrýnenda Þjóðkirkjunnar.

Eins og vart þarf að benda biskupi á hefur löngum verið umtalsvert samstarf á milli skóla og kirkju sem hingað til hefur verið látið óátalið. Nú rís upp andstaða gegn þessu verkefni sem, - eins og bent var á - kallar á úrlausnir og afstöðu yfirmanna menntamála hjá ríki og sveitarfélögunum. Þess utan hafa samtökin Heimili og skóli komist nú að þeirri niðurstöðu að úthýsa eigi þessu starfi úr skólum. Í þessum málum er hreyft við grundvallarspurningum um trúfrelsi, jafnræði og sérstöðu Þjóðkirkjunnar inni í skólunum.

Þá er það nánast móðgandi að tala um að Reynir *hamist gegn vinaleiðinni*. Málflutningur hans var rökfastur, málefnalegur og býsna hófstilltur. Öðrum til eftirbreytni í ræðu og riti, jafnvel biskupi. Biskupi er fullkunnugt um að Reynir er ekki eini andmælandi vinaleiðarinnar. Þó svo væri er vert að spyrja hvort það skipti höfuðmáli. Mýmörg dæmi eru um menn sem einir og sér hafa með gagnrýni og sannfæringu knúið fram grundvallarbreytingar á skipan mála.

Stóð ekki munkurinn Marteinn Lúther einn og óstuddur á kirkjutröppunum í Wittenberg 31. október 1517?

- 8) Víkur nú sögunni að umfjöllun um fjármál Þjóðkirkjunnar og beinir biskup spjótum sínum að þessum orðum mínum: „*Trúfélögunum, öðrum en Þjóðkirkjunni, þykir gróft misrétti fólgið í framlögum úr ríkiskassanum.*“ Um þetta segir biskup svo: „*Orðin „gróft misrétti“ hafa í þessari umræðu hingað til aðeins verið notuð af einum manni, sr. Hirti Magna Jóhannessyni, og eru þau aðeins studd af honum í þættinum.*“ Síðan bætir biskup við: „*Að kalla Fríkirkjuna í Reykjavík „trúfélög, önnur en Þjóðkirkjan“ er fulllangt seilst í ljósi þess að skráð trúfélög eru um 30 hér á landi.*“

Töluverð umfjöllun var um fjármál Þjóðkirkjunnar í Kompási og reynt að skýra út hvernig greiðslum til hennar, sem og annara trúfélaga er háttað. Aðgreint var milli sóknargjalda og annara greiðslna úr ríkissjóði og því vandlega komið á framfæri hvernig Þjóðkirkjan rökstyður umframgreiðslur til sín með vísan til „arðs“ af jarðeignum sem nú hefur verið samið um að tilheyri ríkissjóði gegn greiðslum til Þjóðkirkjunnar.

Úr því biskup kys að formæla undirrituðum fyrir að ræða gagnrýnislaust við aðra viðmælendur í þættinum má skjóta því inn að það hefði ef til vill ekki veitt af meiri gagnrýni gagnvart réttmæti jarðeignaarðsins. Til dæmis hefði mátt spyrja gagnrýnið um réttmæti þess að Þjóðkirkjan fái allan arðinn af jörðunum þegar sú eignasöfnun var á þeim tíma þegar Þjóðkirkjan var sannarlega ríkiskirkja (í fræðilegum skilningi biskups).

Voru þetta því ekki ríkiseigur í raun - eignir almennings?

Það má einnig benda á að sr. Jakob Rolland, fulltrúi kaþólskra, vildi halda því til haga í þættinum að danski konungurinn tók jarðeignirnar upphaflega ófrjálsri hendi af Kaþólsku kirkjunni við siðaskiptin á sextánda öld.

„Við megum ekki gleyma samhengi sögunnar,“ sagði biskup í Kompásþættinum, Það er hárrétt ábending.

Varðandi orðavalið **gróft misrétti** er það alfarið á ábyrgð þáttastjórnanda. Vert er að taka fram að Hjörtur Magni notaði ekki þessi orð í þættinum heldur talaði hann um *grundvallarmismunun* og gekk svo langt að kalla þetta misrétti andkristilegt. Allsherjargoði benti á að misréttið væri slíkt að það stangaðist á við Mannréttindasáttmála Evrópu. Varla er langt seilst í ályktunum að kalla þetta viðhorf um **gróft misrétti**. Þó að fulltrúar „aðeins“ tveggja trúfélaga hafi vitnað um hið meinta misrétti í þættinum er biskup sleginn blindu ef hann veit ekki af svipuðum sjónarmiðum víðar. Læt ég duga að vitna til fulltrúa þriðja trúfélagsins í því sambandi:

„Hann (biskup innsk.) veit eins vel og ég að gjöldin sem renna til Þjóðkirkjunnar eru um þjátíu af hundraði hærri, en til annarra trúfélaga. Þarna er um að ræða **grófa mismunun** sem lýðst væntanlega enn vegna forréttindastöðu Þjóðkirkjunnar.“

Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins í Mbl. 6. mars 2002.

Biskup vísar svo að því að fram hafi komið í þættinum að hann vildi jafna stöðu trúfélaga. Segir hann svo undirritaðan sekan um að *draga úr* þeim orðum með því að segja að biskup taki „*að nokkru*“ undir sjónarmið um jafnræði. „*Aftur verður ekki betur séð en fordómar þáttagerðarmannsins ráði för í orðavali með úrdrætti hans,*“ bætir biskup við.

Þarna var einungis dregin ályktun af svari biskups um að skoðað yrði „...*hvort unnt væri að lagfæra þarna eitthvað...*“ Ef biskup ætlar aftur á móti að leggjast af þunga á árar með þeim sem vilja fullt og óskorað jafnræði verður það mörgum eflaust fagnaðarefni. Það er aftur á móti til marks um taumlausa ályktunargleði að telja orðin „*að nokkru*“ til marks um *fordóma þáttagerðarmannsins*.

- 9) Í níunda lið hins makalaus biskupsbréfs verður honum nokkuð hált á svellinu enda farinn að gagnrýna spurningatækni fjölmiðla. Er undirritaður ásakaður um gildishlaðnar spurningar sem sýni hve „...*gagnrýnislaut fréttamaðurinn ræðir við prest Fríkirkjunnar í Reykjavík*“. Tekin eru tvö dæmi þessu til „*sönnunar*“.

Í fyrra dæminu hefur Hjörtur Magni Jóhannesson (HMJ) Fríkirkjuprestur í Reykjavík sagt að dimmur skuggi falli á allt það sem Þjóðkirkjan geri í skjóli mismununar og ójafnræðis. Undirritaður spyr þá hvernig þetta rími við þann boðskap sem Þjóðkirkjan breiðir út og svarar HMJ því til að þetta rími alls ekki saman. Spyr þá undirritaður: „**Þannig að verndun og réttlætning á forréttindastöðu Þjóðkirkjunnar - hún er ekki í kristilegum anda?**“

Nei, segir HMJ og bendir á að grunnur trúarinnar – hvort sem vitnað er til Krists eða Lúthers sé lýðræði og jafnræði.

Í seinna dæminu, um meinta gildishlaðna spurningu, kemur hún í kjölfar þess að HMJ gagnrýndi að því hefði verið haldið fram að *allt færi fjandans til ef Þjóðkirkjan yrði lögð til hliðar, - hnippt við henni - ef staða trúfélaga í landinu yrði jöfnuð*. Sagði HMJ dapurlegt að halda slíku fram og ekki bjóðandi upplýstu nútímafólki. Spyr þá undirritaður: „**Þetta er óttaboðskapur?**“ Kveður prestur já við og segir þetta óttaboðskap sem miðist við viðhald ríkisstofnunar og bætir við að kristni og kristin trú sé miklu og margfalt meira en ríkisrekin trúamálastofnun.

Þessar tvær spurningar (feitlettraðar) eru taldar gildishlaðnar og gagnrýnisverðar. Rétt er að spurningarnar fela í sér gildi en það er rangt að þær séu hlaðnar gildum spyrjandans. Spurningarnar fela í sér beiðni um að viðmælandinn skerpi á máli sínu og er alþekkt og viðurkennd viðtalstækni. Gildishlaðin spurning er af allt öðrum toga. Til skýringar á því hvað gildishlaðin spurning felur í sér má taka ímyndað dæmi: „*Er klerkurinn svo vitlaus að halda á lofti þeirri fáránlegu staðhæfingu að fréttamaðurinn sé handbendi andskotans?*“ Í þessu ímyndaða dæmi eru gildi/viðhorf spyrjandans augljós. Í raunverulegu dæmunum að ofan er því ekki til að dreifa.

- 10) Kemur þá að þeirri umfjöllun þáttarins sem tekur á söguskoðun og meintum sögufölsunum Þjóðkirkjunnar. Segir þulur í Kompáspættinum: „*Það er umdeild söguskoðun að tala um þúsund ára samfellu á forsendum Þjóðkirkjunnar. En biskup stendur við sína söguskoðun og vísar því á bug að hann sé að skreyta sig með stolnum fjöðrum.*“

Biskup feitlettrar orðin *skreyta sig með stolnum fjöðrum* og segir: „*Þetta finnst mér gróflega meiðandi orðalag.*“

Að skreyta sig með stolnum fjöðrum merkir einfaldlega að eigna sér verk annara. Ekki var annað meint með þessu orðalagi enda vísar það með gagnsæjum hætti í rök þeirra sem gagnrýna söguskoðun Þjóðkirkjuleiðtogans. Biskupi finnst þetta orðalag gróflega meiðandi. Það finnst mér makalaus ofurviðkvæmni. Sérstaklega þegar haft er í huga að sagt var að hann vísaði fjaðrastuldinum á bug.

Fjallar biskup síðan um bækling sem var til umfjöllunar í þættinum, „*Þjóðkirkja í þúsund ár*“ en hans er getið í lið 5) að ofan. Segir biskup: „*Ekki verður skilið hvernig þáttastjórnandinn getur dregið þá ályktun af lestri þessa bæklinga að biskup Íslands haldi því fram að þjóðin hafi fylgt lútherskum sið frá upphafi og borið mér á brýn sögufölsun.*“

Þetta er þvæla. Þáttastjórnandinn er ekki að draga neina ályktun. Þáttastjórnandinn er ekki að bera biskupi á brýn sögufölsun. Það gera hins vegar viðmælendur í þættinum.

- 11) Hér amast biskup við orðum prestsins í Fríkirkjunni í Reykjavík um Þjóðkirkjuna þar sem hann segir: „*Hver sú trúarstofnun sem telur sig hafa höndlað sannleikann - hún verður um leið stórhættuleg, ef ekki bara djöfulleg. Það er ekki okkar að vera óbreytanleg, Guð einn er óbreytanlegur. Stofnunin sjálf á að breytast. Ef hún gerir það ekki og fer að láta fólk dýrka sig í stað guðs þá er hún að brjóta fyrsta boðorðið sem segir þú skalt ekki aðra guði hafa.*“

Um þetta segir biskup: „*Þetta er ótrúleg yfirlýsing og makalaust að fréttamaður skuli láta hana standa án þess að bregðast við.*“

Nú skal viðurkennt að fréttamaður veit ekki hvað í ósköpunum biskup er að meina með þessu. Hvernig átti fréttamaður að bregðast við? Átti fréttamaður að sleppa því að birta þessa rökstuddu skoðun? Átti fréttamaður að fella gildisdóma um hana? Átti fréttamaður að grípa fyrir eyrun og ranghvolfa í sér augunum? Viðmælandinn hefur þarna uppi gagnrýni og að sönnu harða. Hann ber ábyrgð á eigin orðum og svarar fyrir þau.

- 12) Í lokakafla biskupsbréfs tekur kirkjuleiðtogið flugið og segir að í Kompásþættinum hafi verið farin leið „*sleggjudóma og slagorðaglamurs*“. Segir hann svo að það verði að gera þá kröfu til hins verðlaunaða þáttar Kompáss að „*...fjallað sé málefnalega, af hlutlægni og heiðarleik um mál sem tekin eru til skoðunar. Því var ekki til að dreifa í þessum þætti...*“.

Þarna tekur biskup stórt upp í sig. Sakar hann undirritaðan um að vera ómálefnalegan, hlutdrægan og óheiðarlegan. Þetta er varla svaravert orðagjálfur. Eins og rakið hefur verið í þessari greinargerð stendur ekki steinn yfir steini í athugasemdum biskups. Þær eru ómálefnalegar og framsetningin öll lítilmannleg. Umhugsunarlaust er steinum kastað en það er plagsiður þeirra sem gista í glerhúsi.